# Fjárhagsáætlun
# 2016 - 2020



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.,
Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins
og SHS fasteignir ehf.

# Efnisyfirlit

Inngangur ____ 5

Helstu breytingar ____ 7

- Forsendur, verðlagsþróun .... 7
- Forsendur, íbúaþróun .... 7
- Forsendur fjárhagsáætlunar SHS .... 7

Greiðslur eigenda 2016 ____ 9

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu ____ 10

- Tekjur samstæðu .... 10
- Fjárfestingarsjóður .... 10
- Dómsmál vegna lánasamninga .... 10

Fjárhagsáætlun SHS ____ 11

- Fjárhagsáætlun SHS 2016 - 2020 .... 11
- Sundurliðun fjárhagsáætlunar SHS 2016 .... 12

Fjárhagsáætlun SHS fasteigna ____ 13

- Fjárhagsáætlun SHS-fasteigna 2016 .... 13
- Sundurliðun fjárhagsáætlunar SHS-fasteigna 2016 .... 13

Fjárhagsáætlun AHS ____ 14

- Fjárhagsáætlun AHS 2016 - 2020 .... 14

SHS samstæða ____ 15

- Rekstrarreikningur .... 17
- Efnahagsreikningur .... 18
- Sjóðstreymi .... 20

SHS bs. (móðurfélag) ____ 21

- Rekstrarreikningur .... 23
- Efnahagsreikningur .... 24
- Sjóðstreymi .... 26

SHS fasteignir ehf. ____ 27

- Rekstrarreikningur .... 29
- Efnahagsreikningur .... 30
- Sjóðstreymi .... 32

Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins ____ 33

- Rekstrarreikningur .... 35
- Efnahagsreikningur .... 36

SHS samstæða 2017-2020 ____ 39

- Rekstrarreikningur .... 41
- Efnahagsreikningur .... 42
- Sjóðstreymi .... 44

# Inngangur

Stórum áfanga var náð þann 7. nóvember 2014 þegar skrifað var undir nýjan samning milli Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) og Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um að SHS taki að sér að sinna sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu næstu sex árin, eins og forverar þess hafa gert um aldarbil.

Á árinu 2015 var gerð umtalsverð breyting á mönnun útkallsliðsins og mönnum í dagvinnu fjölgað þar sem álagið er mest. Það hefur komið í ljós að þessi breyting var nauðsynleg þar sem ekkert lát er á fjölgun sjúkraflutninga á milli ára, sem nú er um 6,6%. Við teljum að þessar breytingar muni ekki koma niður á hinni daglegu þjónustu SHS. Sá fyrirvari er þó gerður að þær hljóti samþykki Mannvirkjastofnunar, en samkvæmt leiðbeiningum stofnunarinnar um gerð og innihald brunavarnaáætlunar, sem stofnunin þarf að samþykkja skv. 13. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir, skal þar gerð grein fyrir mönnun og viðbúnaði slökkviliðsins í samræmi við skilgreint þjónustustig þess. Ný brunavarnaáætlun SHS verður lögð fyrir Mannvirkjastofnun á árinu 2016.

Nú þegar slökkvistöðin við Skarhólabraut hefur verið tekin í notkun hefur undirrituðum verið falið að finna starfseminni við Tunguháls nýjan stað til að betur verði hægt að þjónusta efri byggðir í austurhluta Reykjavíkur og Kópavogs, þ.e. Breiðholt og hverfin á og við Vatnsendahæð. Jafnframt mun SHS á árinu 2016 kaupa fasteignir dótturfélagsins SHS fasteigna ehf. þannig að félögin sameinist aftur í eitt.

Einnig hefur verið ákveðið að gera stórátak í endurnýjun bifreiðaflota liðsins á næstu þremur til fimm árum. Núverandi ástand flotans er farið að ógna öryggi og endurnýjun því löngu tímabær. Meðalaldur dælubifreiða SHS er 21 ár og elsta bifreiðin í notkun er 32 ára.

Rammaáætlun áranna 2017 – 2020 er að þessu sinni birt samhliða fjárhagsáætlun ársins 2016. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2016-2020 var kynnt og lögð fram á stjórnarfundi 18. september sl. og samþykkt með óbreyttum framlögum eigenda. Áætlunin verður endurskoðuð þegar rekstrarúttekt SHS liggur fyrir.

Reykjavík, október 2015.

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri og
framkvæmdastjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

# Helstu breytingar

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu breytingum sem eiga sér stað hjá SHS samstæðunni, þ.e. SHS, SHS fasteignum og Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins, á árunum 2016 til 2020.

Á árinu 2017 er gert ráð fyrir auknum húsnæðiskostnaði þar sem gert er ráð fyrir að byggð verði ný slökkvistöð sem er betur staðsett en slökkvistöðin við Tunguháls. Slökkvistöðin við Tunguháls verður síðan seld. Stefnt er að því á árinu 2016 að SHS kaupi fasteignina við Skógarhlíð af SHS fasteignum og síðan í framhaldi af því verði SHS fasteignir sameinaðar SHS samkvæmt ákvörðun stjórnar.

## Forsendur, verðlagsþróun

Stuðst er við vísitölubreytingar milli ára samkvæmt fyrirmælum fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, sem byggðar eru á þjóðhagsspá. Þar er gert er ráð fyrir 4,9% hækkun vísitölu neysluverðs og 7,8% hækkun á launavísitölu milli ára.

## Forsendur, íbúaþróun

Eigendur greiða framlög til rekstrar í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember ársins á undan í samræmi við 10. gr. stofnsamnings SHS bs. Þannig ráða íbúatölur 1. desember 2014 skiptingunni fyrir áætlun 2016. Áætlun 2015 er hins vegar gerð m.t.t. íbúafjölda 1. desember 2013. Hlutfallsleg skipting aðildarsveitarfélaganna breytist því frá áætlun 2015 til áætlunar 2016 í takt við íbúaþróun á svæðinu.

| **Hlutfallslegar breytingar milli ára** | **íbúar 2013** | **hlutfall 2013** | **íbúar 2014** | **hlutfall 2014** | **breytingar íbúar** | **breytingar %** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hlutfallsleg skipting íbúafjölda** | | | | | | |
| Eigendur vegna slökkviliðs | | | | | | |
| Reykjavík | 121.116 | 58,13% | 121.814 | 57,76% | 698 | -0,37% |
| Kópavogur | 32.303 | 15,50% | 33.095 | 15,69% | 792 | 0,19% |
| Hafnarfjörður | 27.325 | 13,12% | 27.818 | 13,19% | 493 | 0,08% |
| Garðabær | 14.137 | 6,79% | 14.450 | 6,85% | 313 | 0,07% |
| Mosfellsbær | 9.084 | 4,36% | 9.296 | 4,41% | 212 | 0,05% |
| Seltjarnarnes | 4.376 | 2,10% | 4.415 | 2,09% | 39 | -0,01% |
| | 208.341 | 100,00% | 210.888 | 100,00% | 2.547 | |

*Tafla 1. Íbúaþróun á höfuðborgarsvæðinu frá 1. desember 2013 til 1. desember 2014.*

## Forsendur fjárhagsáætlunar SHS

Auk ofangreindra forsendna liggja eftirfarandi atriði til grundvallar fjárhagsáætlun SHS samstæðunnar, m.a. til að mæta kröfu um hagræðingu.

- SHS bs. kaupir fasteignir af SHS fasteignum samkvæmt áætlun sem nær frá 2014 til ársloka 2016.
- Frestað er að greiða 64,4 m.kr. í fjárfestingarsjóð. Fjárfestingar fyrir 2016 eru því skornar niður um 64,4 m.kr. frá stofnsamningi þar sem afhending nýrra slökkvibifreiða hefst ekki fyrr en á árinu 2017. Sama átti sér stað fyrir árið 2015 og er því alls búið að fresta 124,4 m.kr. greiðslu í fjarfestingarsjóð sem verða greiddar við afhendingu á nýjum slökkvibifreiðum.
- Rekstrargjöld hækka um 156 m.kr. milli ára.

- Framlag eiganda hækkar ekki milli ára.
- Gert er ráð fyrir að tekjur vegna sjúkraflutninga hækki um 98 m.kr. milli ára sem skýrist af hækkun á vísitölum, fjölgun íbúa á svæðinu og fjölgun sjúkraflutninga.
- Gert er ráð fyrir að sértekjur hækki um 21 m.kr. milli ára sem skýrist m.a. af meiri umsvifum í þjóðfélaginu og hækkun sértekna hjá forvarnarsviðinu.
- Niðurstaða ársins eftir afskriftir er um 14 m.kr. tap á rekstri SHS sem skýrist af því að framlag eigenda hækkar ekki milli ára.
- Helstu óvissuþættirnir í fjárhagsáætluninni er þeir að ekki er búið að ljúka við kjarasamninga og einnig er leiðrétting á starfsmati nokkurra starfsheita ekki lokið.
- Gert er ráð fyrir að framlög eigenda til rekstrar Almannavarna hækki samkvæmt áætluðum hækkunum á verðlagi. Þessi hækkun er um 0,4 m.kr.

# Greiðslur eigenda 2016

Tafla 2 sýnir framlag eigenda til SHS og AHS á árinu 2016, samanborið við áætlun ársins 2015. Nánari skýringar og sundurliðanir á rekstrarliðum og öðrum tekjum er að finna í umfjöllun um fjárhagsáætlanir SHS og AHS sem fylgja hér á eftir.

| **Sundurliðun á greiðslum sveitarfélaga** | **áætlun** | **áætlun** | **breytingar** | |
|---|---|---|---|---|
| **í þ.kr.** | **2015** | **2016** | **þ.kr.** | **%** |
| **Heild** | | | | |
| Rekstrartekjur SHS | 1.388.500 | 1.388.500 | 0 | 0,0% |
| Rekstrartekjur AHS | 6.818 | 7.185 | 367 | 5,4% |
| Alls: | 1.395.318 | 1.395.685 | 367 | 0,03% |
| **Sundurliðun á sveitarfélag** | | | | |
| **Reykjavík** | 811.148 | 806.181 | (4.966) | -0,6% |
| Slökkvilið (SHS) | 776.697 | 771.738 | (4.958) | -0,6% |
| Fjárfestingarsjóður (SHS) | 30.488 | 30.293 | (195) | -0,6% |
| Slökkvilið (SHS) | 807.184 | 802.031 | (5.153) | -0,6% |
| Almannavarnir (AHS) | 3.963 | 4.150 | 187 | 4,7% |
| **Kópavogur** | 216.342 | 219.027 | 2.685 | 1,2% |
| Slökkvilið (SHS) | 215.285 | 217.900 | 2.614 | 1,2% |
| Almannavarnir (AHS) | 1.057 | 1.128 | 70 | 6,7% |
| **Hafnarfjörður** | 183.003 | 184.103 | 1.100 | 0,6% |
| Slökkvilið (SHS) | 182.109 | 183.155 | 1.047 | 0,6% |
| Almannavarnir (AHS) | 894 | 948 | 54 | 6,0% |
| **Garðabær** | 94.679 | 95.632 | 953 | 1,0% |
| Slökkvilið (SHS) | 94.217 | 95.140 | 923 | 1,0% |
| Almannavarnir (AHS) | 463 | 492 | 30 | 6,4% |
| **Mosfellsbær** | 60.838 | 61.522 | 684 | 1,1% |
| Slökkvilið (SHS) | 60.541 | 61.205 | 665 | 1,1% |
| Almannavarnir (AHS) | 297 | 317 | 19 | 6,5% |
| **Seltjarnarnes** | 29.307 | 29.219 | (88) | -0,3% |
| Slökkvilið (SHS) | 29.164 | 29.069 | (95) | -0,3% |
| Almannavarnir (AHS) | 143 | 150 | 7 | 5,0% |

*Tafla 2. Greiðslur eigenda til SHS og AHS samkvæmt áætlunum fyrir árið 2016 samanborið við áætlanir 2015.*

# Fjárhagsáætlun SHS samstæðu

SHS samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS), Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS) og dótturfélaginu SHS fasteignum ehf. (SHS-F). Í samstæðuáætlun eru milliviðskipti félaganna frádregin.

## Tekjur samstæðu

Áætlaðar tekjur SHS samstæðunnar árið 2016 eru 2.474 m.kr. 56,4% þeirra koma frá eigendum SHS í formi framlags til SHS og AHS. Þetta hlutfall hefur lækkað um 3% milli ára. Hlutur ríkisins til reksturs sjúkraflutninga er 37,8% sem er hækkun um 2,2% milli ára, leigutekjur SHS fasteigna nema 3,6% og sértekjur 2,2%.

Tafla 2 sýnir að heildarframlag eigenda á árinu 2016 til samstæðunnar hækkar einungis um 0,4 m.kr. milli ára. Framlag til SHS hækkar ekki en framlag til AHS hækkar um 0,4 m.kr.

Á árinu 2017 er gert ráð fyrir að rekstrarútgjöld hækki um 3 m.kr. vegna tilkomu nýrrar slökkvistöðvar en á móti kemur að slökkvistöðin við Tunguháls verður seld.

## Fjárfestingarsjóður

Stofnsamningur SHS gerir ráð fyrir að fjárfestingar slökkviliðsins séu fjármagnaðar með fjárfestingarsjóði sem eigendur greiða árlegt framlag í. Skal þannig séð til þess að eðlileg endurnýjun eigi sér stað á búnaði liðsins svo hann verði aldrei svo gamall eða úreltur að hann ógni öryggi starfsmanna sem nota hann eða þeirra íbúa sem þurfa á þjónustu slökkviliðsins að halda.

Verðgildi fjárfestingarsjóðs tekur breytingum í samræmi við breytingar á SDR. Reiknað framlag í fjárfestingarsjóð fyrir árið 2016 er 116,8 m.kr.

Framlag eigenda í fjárfestingarsjóð á árinu 2015 var skorið niður um 60 m.kr. í hagræðingarskyni og í samræmi við áætlun um bifreiðakaup. Framlag eigenda fyrir árið 2016 er einnig skorið niður um 64,4 m.kr. Gert er ráð fyrir að eigendur greiði því 124,4 m.kr. þegar slökkvibifreiðarnar verða afhentar eins og áður hefur komið fram. Á árinu 2015 og 2016 er því einungis gert ráð fyrir lágmarksfjárfestingum í búnað og tæki þar sem fjárfestingarsjóður er skorinn niður.

## Dómsmál vegna lánasamninga

SHS hefur höfðað mál á hendur Lánasjóði sveitarfélaga ohf. og Íslandsbanka hf. vegna ágreinings um lögmæti lánasamninga vegna lána sem tekin voru vegna bygginga SHS fasteigna. Ágreiningurinn snýst um hvort lánin hafi verið lán í íslenskum krónum, bundin ólögmætri erlendri gengistryggingu í skilningi 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, eða erlend lán.

Dómsmálið á hendur Lánasjóði vannst fyrir héraðsdómi en Lánasjóðurinn hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar og er niðurstöðu að vænta um áramótin. Búið er að dómtaka málið gegn Íslandsbanka og gert er ráð fyrir að málið verði flutt í byrjun árs 2016 og niðurstaða liggi fyrir fljótlega eftir það.

Falli dómur í þessu máli SHS í hag mun það styrkja stöðu samstæðunnar til að greiða niður fjárfestingu og lækka greiðslubyrði aðildarsveitarfélaganna enn frekar.

# Fjárhagsáætlun SHS

Fjárhagsáætlunin tekur mið af ábyrgð sveitarstjórna og skyldum slökkviliðsstjóra samkvæmt lögum um brunavarnir, stofnsamningi SHS og brunavarnaáætlun, en jafnframt af samningi við ríkið um rekstur sjúkraflutninga og kröfulýsingu þar um, sem og forsendur fjárhagsáætlunar.

Áætlunin byggir á áætlun og útkomuspá fyrir árið 2015 og hagræðingarkröfu.

## Fjárhagsáætlun SHS 2016 - 2020

Áætlaðar rekstrartekjur SHS 2016 eru 2.379 m.kr. Hækkun rekstrartekna milli ára er 118,7 m.kr., þ.e. 98 m.kr. hækkun á framlagi ríkis vegna sjúkraflutninga og tæplega 21 m.kr. hækkun sértekna.

Áætluð rekstrargjöld SHS 2016 eru 2.393 m.kr., en hækkun rekstrargjalda á milli ára er 154,6 m.kr. Laun og launatengd gjöld nema um 81% af rekstrargjöldum liðsins. Aðrir liðir vega minna í rekstrinum.

Í útkomuspá ársins 2015 er gert ráð fyrir að áætlun ársins standist um það bil og að hagnaður verði um 84,8 m.kr fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld hækki um 3 m.kr. á árinu 2017 vegna byggingu nýrrar slökkvistöðvar og sölu á slökkvistöðinni við Tunguháls. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum árin 2018-2020.

| **Fjárhagsáætlun SHS<br>í þús. kr.** | **áætlun<br>2015** | **útkomuspá<br>2015** | **áætlun<br>2016** | **breytingar<br>þús. kr.** |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| 1. Eigendur vegna slökkviliðs | 1.336.056 | 1.336.056 | 1.336.056 | 0 |
| Reykjavík | 776.697 | 776.697 | 771.738 | (4.958) |
| Kópavogur | 207.154 | 207.154 | 209.669 | 2.516 |
| Hafnarfjörður | 175.231 | 175.231 | 176.238 | 1.007 |
| Garðabær | 90.658 | 90.658 | 91.546 | 888 |
| Mosfellsbær | 58.254 | 58.254 | 58.894 | 640 |
| Seltjarnarnes | 28.063 | 28.063 | 27.971 | (92) |
| 2. Eigendur vegna fjárfestinga | 52.444 | 52.444 | 52.444 | 0 |
| 1. Framlag eigenda | 1.388.500 | 1.388.500 | 1.388.500 | 0 |
| 2. Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga | 837.000 | 837.000 | 935.000 | 98.000 |
| 3. Sértekjur | 34.445 | 34.445 | 55.177 | 20.732 |
| Rekstrartekjur alls: | 2.259.945 | 2.259.945 | 2.378.677 | 118.732 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| 4. Laun og launatengd gjöld | 1.797.000 | 1.797.000 | 1.935.916 | 138.916 |
| **Önnur rekstrargjöld** | | | | |
| 5. Menntun og verkefni | 68.000 | 71.000 | 73.343 | 2.343 |
| 6. Viðhald og rekstur tækja og bifreiða | 64.000 | 64.000 | 66.752 | 2.752 |
| 7. Húsnæðiskostnaður | 131.139 | 131.139 | 136.989 | 5.850 |
| 8. Sameiginlegur kostnaður | 112.000 | 112.000 | 118.123 | 6.123 |
| | 375.139 | 378.139 | 395.207 | 17.068 |
| Rekstrargjöld alls: | 2.172.139 | 2.175.139 | 2.331.123 | 155.984 |

*Tafla 3. Samanburður á rekstrartekjum og –gjöldum og framlagi í fjárfestingarsjóð á áætlun 2015, útkomuspá 2015 og áætlun 2016. Breytingar frá útkomuspá 2015.*

## Sundurliðun fjárhagsáætlunar SHS 2016

### 1. *Eigendur vegna slökkviliðs*

Framlag aðildarsveitarfélaga til reksturs og fjárfestinga slökkviliðsins hækkar ekki milli ára.

### 2. *Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga*

Framlag ríkissjóðs vegna sjúkraflutninga hækkar um 98 m.kr. á árinu 2016 frá árinu 2015.

Stærsti hluti þessara hækkana er tilkominn vegna þess að vísitöluhækkanir í samningnum frá 2014 verða virkar í fyrsta sinn á árinu 2016. Einnig er ákvæði í samningnum um að ef íbúum á svæðinu fjölgi á milli ára þá hækki samningsupphæðir. Íbúum á svæðinu hefur fjölgað um 1,2% milli ára. Einnig hefur sú þróun haldið áfram á milli ára að fjöldi sjúkraflutninga eykst.

### 3. *Sértekjur*

Gert er ráð fyrir að sértekjur hækki um 20,7 m.kr. á milli ára. Sú aukning er aðallega vegna aukinna sértekna forvarnarsviðs, t.d. vegna úttekta og vegna Brunavarðar. Einnig hefur önnur vinna aukist vegna meiri umsvifa í þjóðfélaginu.

### 4. *Laun og launatengd gjöld*

Hækkun á launum og launatengdum gjöldum nemur 138,9 m.kr. frá árinu 2015 til ársins 2016, eða 7,8%.

Þar sem kjarasamningar hafa verið lausir frá 1. maí 2015 ríkir nokkur óvissa um þennan lið. Einnig er hluta af leiðréttingu vegna starfsmats enn ekki lokið og gæti sú niðurstaða einnig haft áhrif.

<u>Í útkomuspá ársins 2015</u> er gert ráð fyrir að áætlun ársins 2015 standist en ef hækkanir í kjarasamningum verða miklar gæti það haft áhrif á bæði útkomu ársins 2015 og áætlun 2016.

### 5. *Menntun og verkefni*

Hækkun á menntun og verkefnum nemur um 2,3 m.kr. frá árinu 2015 sem er um 3,3% hækkun.

<u>Útkomuspá ársins 2015</u> gerir ráð fyrir að kostnaður vegna menntunar og verkefna fari 3 m.kr. fram út áætlun sem skýrist af kostnaði vegna samnings við Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar.

### 6. *Viðhald og rekstur tækja og bifreiða*

Gert er ráð fyrir um 2,8 m.kr. hækkun frá árinu 2015, sem er um 4,3% hækkun.

<u>Útkomuspá ársins 2015</u> gerir ráð fyrir að viðhald og rekstur tækja og bifreiða verði samkvæmt áætlun 2015.

### 7. *Húsnæðiskostnaður*

Húsnæðiskostnaður hækkar um 5,8 m.kr. milli ára sem er um 4,5% hækkun.

<u>Útkomuspá ársins 2015</u> gerir ráð fyrir að húsnæðiskostnaður verði samkvæmt áætlun.

### 8. *Sameiginlegur kostnaður*

Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður hækki um 6,1 m.kr. milli ára sem er um 5,5% hækkun en þessi liður eins og húsnæðiskostnaður hækkar bæði eftir vísitölu neysluverðs og launavísitölu.

<u>Útkomuspá ársins 2015</u> gerir ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður verði samkvæmt áætlun ársins.

# Fjárhagsáætlun SHS fasteigna

SHS fasteignir (SHS-F) er dótturfélag SHS. SHS-F á og leigir út húseignina að Skógarhlíð 14. Um áramótin 2016/2017 er gert ráð fyrir að selja Skógarhlíðina til SHS og í framhaldi af því sameina SHS-F SHS.

Félagið er tekið með SHS og AHS í samstæðuáætlun.

## Fjárhagsáætlun SHS-fasteigna 2016

Gert er ráð fyrir að hagnaður eftir skatta á árinu 2016 verði svipaður og útkomuspá fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir. Um áramótin 2016/2017 er gert ráð fyrir að sameina SHS-F SHS og því er ekki gerð fjárhagsáætlun fyrir árin 2017-2020.

| **Fjárhagsáætlun SHS fasteigna** | **áætlun** | **útkomuspá** | **áætlun** | **breyting** |
|---|---|---|---|---|
| **í þ.kr.** | **2015** | **2015** | **2016** | **þús. kr.** |
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| 1. Húsaleigutekjur | 166.189 | 162.724 | 170.697 | 7.973 |
| 2. Aðrar rekstrartekjur | 2.577 | 2.137 | 2.242 | 105 |
| Rekstrartekjur alls: | 168.766 | 164.861 | 172.939 | 8.078 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| 3. Húsnæðiskostnaður | 37.065 | 39.746 | 41.693 | 1.947 |
| 4. Annar rekstrarkostnaður | 26.613 | 26.613 | 27.917 | 1.304 |
| Rekstrargjöld alls: | 63.678 | 66.359 | 69.610 | 3.251 |
| 5. Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir: | 105.088 | 98.502 | 103.329 | 4.827 |

*Tafla 4. Samanburður áætlunar og útkomuspár 2015 og áætlunar 2016. Breytingar frá útkomuspá.*

## Sundurliðun fjárhagsáætlunar SHS-fasteigna 2016

### 1. *Húsaleigutekjur*

Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur SHS-F hækki um tæpar 8 m.kr. eða sem nemur hækkun vísitölu neysluverðs

Útkomuspá ársins 2015 reiknar með 163 m.kr. húsaleigutekjum á árinu, sem er 3,5 m.kr. lægra en áætlað var vegna verðlagsþróunar.

### 2. *Aðrar rekstrartekjur*

Aðrar rekstrartekjur breytast óverulega milli ára.

Útkomuspá ársins 2015 er í takt við áætlun.

### 3. *Húsnæðiskostnaður*

Áætluð hækkun húsnæðiskostnaðar frá útkomuspá 2015 er 2 m.kr. vegna vísitöluhækkana.

Útkomuspá ársins 2015 gerir ráð fyrir að húsnæðiskostnaður ársins 2015 verði um 2,7 m.kr. hærri en áætlað var. Skýringin er hærri fasteignagjöld og hærra viðhald en gert var ráð fyrir.

### 4. *Annar rekstrarkostnaður*

Reiknað er með um 4,9% hækkun milli ára, eða sem nemur hækkun á vísitölu neysluverðs.

Útkomuspá ársins 2015 er í takt við áætlun.

# Fjárhagsáætlun AHS

Tekjur Almannavarna höfuðborgarsvæðisins (AHS) koma frá sveitarfélögunum sem aðild eiga að Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins. Í reikningsskilum er AHS meðhöndlað sem dótturfélag SHS.

## Fjárhagsáætlun AHS 2016 - 2020

Áætlaður kostnaður við rekstur AHS 2016 hækkar um 367 þús. kr. frá árinu 2015, sjá töflu 5, vegna 4,9% hækkunar vísitölu neysluverðs og 7,8% hækkunar launavísitölu. Ekki er reiknað með mismun á rekstrarreikningi ársins 2016. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á áætlun AHS á árunum 2017 – 2020.

| Fjárhagsáætlun AHS í þ.kr. | áætlun 2015 | útkomuspá 2015 | áætlun 2016 | breyting þús. kr. |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Eigendur vegna almannavarna | 6.825 | 6.825 | 7.192 | 367 |
| Reykjavík | 3.827 | 3.827 | 4.150 | 323 |
| Kópavogur | 1.013 | 1.013 | 1.128 | 114 |
| Hafnarfjörður | 856 | 856 | 948 | 92 |
| Garðabær | 444 | 444 | 492 | 49 |
| Mosfellsbær | 286 | 286 | 317 | 30 |
| Seltjarnarnes | 139 | 139 | 150 | 12 |
| Kjósarhreppur | 6,5 | 6,5 | 7,4 | 0,8 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.146 | 1.146 | 1.235 | 89 |
| Menntun og verkefni | 2.059 | 2.059 | 2.160 | 101 |
| Sameiginlegur kostnaður | 3.620 | 3.620 | 3.798 | 178 |
| Rekstrargjöld alls: | 6.825 | 6.825 | 7.192 | 367 |

*Tafla 5. Samanburður áætlunar og útkomuspár 2015 við áætlun 2016. Breytingar frá útkomuspá 2015.*

Aðildarsveitarfélögin greiða framlög til rekstrar í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember ársins á undan. Þannig ráða íbúatölur 1. desember 2014 skiptingunni fyrir áætlun 2016. Hlutfallsleg skipting aðildarsveitarfélaganna breytist því frá áætlun 2015 til áætlunar 2016 í takt við íbúaþróun á svæðinu, sjá töflu 1.

Útkomuspá ársins 2015 gerir ráð fyrir að kostnaður vegna starfsemi AHS á árinu 2015 verði í samræmi við áætlun.

# Samstæða SHS

## SHS móðurfélag
## SHS fasteignir
## Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins

## Fjárhagsáætlun 2016

**Efnisyfirlit** **bls.**

*SHS samstæða*
Rekstrarreikningur ........................................ **17**
Efnahagsreikningur ........................................ **18-19**
Sjóðstreymi ........................................ **20**

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
Kt. 690500-2130
Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík

# Rekstrarreikningur samstæðu

| Fjárh. í þús. kr. | Áætlun 2015 | Útkomuspá 2015 | Áætlun 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Rekstrartekjur ........ | 2.384.335 | 2.351.184 | 2.474.337 |
| | 2.384.335 | 2.351.184 | 2.474.337 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld ........ | 1.798.146 | 1.798.146 | 1.937.151 |
| Menntun og verkefni ........ | 69.708 | 72.724 | 75.152 |
| Viðhald og rekstur tækja og bifreiða ........ | 64.000 | 64.000 | 66.752 |
| Húsnæðiskostnaður ........ | 119.192 | 113.132 | 118.099 |
| Sameiginlegur kostnaður ........ | 117.306 | 119.874 | 126.300 |
| | 2.168.352 | 2.167.876 | 2.323.454 |
| **Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir** | 215.983 | 183.308 | 150.883 |
| Afskriftir ........ | 110.169 | 83.386 | 87.147 |
| **Rekstrarhagnaður (tap) eftir afskriftir** | 105.814 | 99.922 | 63.737 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ........ | (23.823) | (24.878) | (25.296) |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélags ........ | 0 | 0 | 0 |
| **Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir skatta** | 81.991 | 75.044 | 38.441 |
| Tekjuskattur ........ | (19.037) | (9.811) | (10.567) |
| | (19.037) | (9.811) | (10.567) |
| **Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi eftir skatta** | 62.954 | 65.234 | 27.874 |

# Efnahagsreikningur samstæðu

| Fjárh. í þús. kr. | Ársreikningur 2014 | Áætlun 2015 | Útkomuspá 2015 | Áætlun 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| **Fastafjármunir** | | | | |
| Varanlegir rekstarfjármunir: | | | | |
| Fasteignir | 1.804.449 | 1.790.055 | 1.824.169 | 1.786.383 |
| Bifreiðar | 89.301 | 125.054 | 87.126 | 102.205 |
| Áhöld og tæki | 95.045 | 82.712 | 104.890 | 113.869 |
| Hugbúnaður | 3.310 | 8.774 | 2.267 | 1.349 |
| | 1.992.106 | 2.006.595 | 2.018.452 | 2.003.805 |
| Áhættufjármunir: | | | | |
| Tekjuskattsinneign | 52.194 | 35.549 | 42.383 | 31.816 |
| **Fastafjármunir samtals** | 2.044.300 | 2.042.144 | 2.060.835 | 2.035.621 |
| **Veltufjármunir** | | | | |
| Viðskiptakröfur | 45.371 | 24.183 | 26.848 | 26.048 |
| Kröfur á eigendur | 4.971 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 12.939 | 7.403 | 7.227 | 7.403 |
| Handbært fé | 288.152 | 182.763 | 120.894 | 137.808 |
| | 351.433 | 214.349 | 154.969 | 171.260 |
| **Eignir samtals** | 2.395.733 | 2.256.493 | 2.215.804 | 2.206.881 |

# Efnahagsreikningur samstæðu

| Fjárh. í þús. kr. | Ársreikningur 2014 | Áætlun 2015 | Útkomuspá 2015 | Áætlun 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | | |
| **Eigið fé** | | | | |
| Hlutafé ........................................................ | 1.632.967 | 1.632.967 | 1.632.967 | 1.632.967 |
| Óráðstafað eigið fé ....................................... | (330.613) | (292.800) | (265.379) | (237.505) |
| | 1.302.355 | 1.340.167 | 1.367.588 | 1.395.462 |
| **Skuldir** | | | | |
| Langtímaskuldir: | | | | |
| Skuldabréfalán ............................................. | 413.918 | 333.837 | 300.015 | 298.023 |
| Skammtímaskuldir: | | | | |
| Viðskiptaskuldir ........................................... | 48.882 | 48.924 | 58.153 | 58.153 |
| Aðrar skammtímaskuldir ................................ | 614.403 | 518.896 | 477.379 | 441.429 |
| Næsta árs afb. af langtímaskuldum .............. | 16.176 | 14.668 | 12.670 | 13.815 |
| | 679.460 | 582.488 | 548.201 | 513.396 |
| **Skuldir samtals** | 1.093.378 | 916.325 | 848.216 | 811.419 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 2.395.733 | 2.256.493 | 2.215.804 | 2.206.881 |

# Sjóðstreymi samstæðu

| Fjárh. í þús. kr. | Ársreikningur 2014 | Áætlun 2015 | Útkomuspá 2015 | Áætlun 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | | |
| Hagnaður ársins | 3.120 | 56.426 | 65.234 | 27.874 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Afskriftir | 81.509 | 90.771 | 83.386 | 87.147 |
| Söluhagnaður og tap rekstrarfjármuna | 408 | 0 | (5) | 0 |
| Gengismunur og verðbætur lána | 2.612 | 9.781 | 9.781 | 11.823 |
| Breyting tekjuskattsskuldbindingar | 10.421 | 18.037 | 9.811 | 10.567 |
| | 98.070 | 175.015 | 168.206 | 137.411 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | | |
| Kröfur | 382.033 | 623 | 30.877 | 623 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | | |
| Skammtímaskuldir | 130.120 | (65.427) | (141.040) | (35.950) |
| | 512.153 | (64.804) | (110.163) | (35.327) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 610.223 | 110.211 | 58.043 | 102.084 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | |
| Fasteignir | (383.330) | (10.000) | (61.956) | (5.000) |
| Seldar bifreiðar | 835 | 0 | 3.600 | 0 |
| Keyptar bifreiðar | (4.177) | (40.000) | (18.448) | (32.500) |
| Keypt áhöld, tæki og hugbúnaður | (35.771) | (12.444) | (34.606) | (35.000) |
| | (422.443) | (62.444) | (111.410) | (72.500) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Tekin ný langtímalán | 94.000 | 0 | 0 | 0 |
| Nýtt stofnfé | 250.000 | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir langtímalána | (368.006) | (14.006) | (113.891) | (12.670) |
| | (24.006) | (14.006) | (113.891) | (12.670) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | 163.773 | 33.761 | (167.258) | 16.914 |
| Handbært fé í byrjun ársins | 124.379 | 149.002 | 288.152 | 120.894 |
| **Handbært fé í árslok** | 288.152 | 182.763 | 120.894 | 137.808 |

# Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

## Fjárhagsáætlun 2016

**Efnisyfirlit** **bls.**

*SHS (móðurfélag)*


| | |
|---|---|
| Rekstrarreikningur ........................................................................................ | **23** |
| Efnahagsreikningur ........................................................................................ | **24-25** |
| Sjóðstreymi ........................................................................................ | **26** |



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
Kt. 690500-2130
Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík

# Rekstrarreikningur

| Fjárh. í þús. kr. | Áætlun 2015 | Útkomuspá 2015 | Áætlun 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Rekstrartekjur | 2.207.501 | 2.207.501 | 2.326.233 |
| Fjárfestingarsjóður | 52.444 | 52.444 | 52.444 |
| | 2.259.945 | 2.259.945 | 2.378.677 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.797.000 | 1.797.000 | 1.935.916 |
| Menntun og verkefni | 68.000 | 71.000 | 73.343 |
| Viðhald og rekstur tækja og bifreiða | 64.000 | 64.000 | 66.752 |
| Húsnæðiskostnaður | 131.139 | 131.139 | 136.989 |
| Sameiginlegur kostnaður | 112.000 | 112.000 | 118.123 |
| | 2.172.139 | 2.175.139 | 2.331.123 |
| **Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir** | 87.805 | 84.805 | 47.554 |
| Afskriftir | 66.329 | 58.814 | 61.949 |
| **Rekstrarhagnaður (tap) eftir afskriftir** | 21.477 | 25.992 | (14.395) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 0 | 0 | 0 |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélags | 41.477 | 39.242 | 42.269 |
| **Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir skatta** | 62.954 | 65.234 | 27.874 |
| Tekjuskattur | 0 | 0 | 0 |
| **Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi eftir skatta** | 62.954 | 65.234 | 27.874 |

# Efnahagsreikningur

| Fjárh. í þús. kr. | Ársreikningur 2014 | Áætlun 2015 | Útkomuspá 2015 | Áætlun 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| **Fastafjármunir** | | | | |
| Varanlegir rekstarfjármunir: | | | | |
| Fasteignir ........................................................ | 853.195 | 0 | 897.297 | 878.994 |
| Bifreiðar .......................................................... | 89.301 | 125.054 | 87.126 | 102.205 |
| Áhöld og tæki .................................................. | 90.770 | 78.507 | 97.805 | 102.498 |
| Hugbúnaður .................................................... | 3.310 | 8.774 | 2.267 | 1.349 |
| | 1.036.576 | 212.334 | 1.084.495 | 1.085.046 |
| Áhættufjármunir: | | | | |
| Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins ............ | 11.048 | 9.161 | 11.048 | 11.048 |
| SHS fasteignir ................................................. | 207.383 | 277.961 | 246.625 | 288.894 |
| | 218.430 | 287.122 | 257.672 | 299.941 |
| **Fastafjármunir samtals** | 1.255.007 | 499.456 | 1.342.167 | 1.384.987 |
| **Veltufjármunir** | | | | |
| Kröfur á eigendur ............................................ | 4.971 | 0 | 0 | 0 |
| Kröfur á dótturfélag ......................................... | 360.313 | 1.203.000 | 410.630 | 355.000 |
| Viðskiptakröfur ............................................... | 45.364 | 9.000 | 9.800 | 9.000 |
| Aðrar skammtímakröfur ................................. | 12.501 | 7.403 | 7.227 | 7.403 |
| Handbært fé .................................................... | 281.413 | 168.651 | 113.590 | 118.947 |
| | 704.561 | 1.388.054 | 541.247 | 490.351 |
| **Eignir samtals** | 1.959.568 | 1.887.510 | 1.883.414 | 1.875.338 |

# Efnahagsreikningur

| Fjárh. í þús. kr. | Ársreikningur 2014 | Áætlun 2015 | Útkomuspá 2015 | Áætlun 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | | |
| **Eigið fé** | | | | |
| Hlutafé ........................................................... | 1.632.967 | 1.632.967 | 1.632.967 | 1.632.967 |
| Óráðstafað eigið fé ........................................ | (330.613) | (292.800) | (265.379) | (237.505) |
| | 1.302.355 | 1.340.167 | 1.367.588 | 1.395.462 |
| **Skuldir** | | | | |
| Langtímaskuldir: | | | | |
| Skuldabréfalán ............................................... | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skammtímaskuldir: | | | | |
| Viðskiptaskuldir ............................................. | 45.688 | 33.153 | 43.153 | 43.153 |
| Aðrar skammtímaskuldir ................................. | 611.526 | 514.191 | 472.673 | 436.723 |
| | 657.214 | 547.343 | 515.826 | 479.876 |
| **Skuldir samtals** | 657.214 | 547.343 | 515.826 | 479.876 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 1.959.568 | 1.887.510 | 1.883.414 | 1.875.338 |

# Sjóðstreymi

| Fjárh. í þús. kr. | Ársreikningur 2014 | Áætlun 2015 | Útkomuspá 2015 | Áætlun 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | | |
| Hagnaður ársins | 3.120 | 56.426 | 65.234 | 27.874 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Afskriftir | 43.598 | 46.931 | 58.814 | 61.949 |
| Söluhagnaður og tap rekstrarfjármuna | 407 | 0 | (5) | 0 |
| Gengismunur og verðbætur lána | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Breyting tekjuskattsskuldbindingar | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Áhrif dótturfélags | (43.571) | (76.149) | (39.242) | (42.269) |
| | 3.554 | 27.207 | 84.801 | 47.554 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | | |
| Kröfur | 370.363 | 623 | 45.809 | 623 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | | |
| Skammtímaskuldir | 139.498 | (66.177) | (141.388) | (35.950) |
| | 509.861 | (65.554) | (95.579) | (35.327) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 513.415 | (38.347) | (10.778) | 12.227 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | |
| Fasteignir | (4.195) | 0 | (61.956) | 0 |
| Seldar bifreiðar | 0 | 0 | 3.600 | 0 |
| Fjárfesting í bifreiðum | 835 | (40.000) | (18.448) | (32.500) |
| Fjárfesting í áhöldum og búnaði | (4.177) | (12.444) | (31.606) | (30.000) |
| | (43.308) | (52.444) | (108.410) | (62.500) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Nýtt stofnfé | 250.000 | 0 | 0 | 0 |
| Tekin ný langtímalán | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir langtímalána | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Dótturfélag | (551.790) | 150.000 | (48.634) | 55.630 |
| | (301.790) | 150.000 | (48.634) | 55.630 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | 168.317 | 59.209 | (167.822) | 5.357 |
| Handbært fé í byrjun ársins | 113.096 | 109.442 | 281.413 | 113.590 |
| **Handbært fé í árslok** | 281.413 | 168.651 | 113.590 | 118.947 |

# SHS fasteignir ehf.

## Fjárhagsáætlun 2016

**Efnisyfirlit** **bls.**

*SHS fasteignir ehf*

Rekstrarreikningur ........................................................................................................ **29**
Efnahagsreikningur ........................................................................................................ **30-31**
Sjóðsstreymi ........................................................................................................ **32**

SHS fasteignir ehf.
Kt. 660701-3030
Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík

# Rekstrarreikningur

| Fjárh. í þús. kr. | Áætlun 2015 | Útkomuspá 2015 | Áætlun 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Húsaleigutekjur | 166.189 | 162.724 | 170.697 |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.577 | 2.137 | 2.242 |
| | 168.765 | 164.861 | 172.940 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Húsnæðiskostnaður | 37.065 | 39.746 | 41.693 |
| Annar rekstrarkostnaður | 26.613 | 26.613 | 27.917 |
| | 63.678 | 66.359 | 69.610 |
| **Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir** | 105.088 | 98.503 | 103.329 |
| Afskriftir | 24.443 | 24.572 | 25.198 |
| **Rekstrarhagnaður (tap) eftir afskriftir** | 80.645 | 73.930 | 78.132 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (28.799) | (24.878) | (25.296) |
| **Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir skatta** | 51.846 | 49.053 | 52.836 |
| Tekjuskattur | (10.369) | (9.811) | (10.567) |
| **Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi eftir skatta** | 41.477 | 39.242 | 42.269 |

# Efnahagsreikningur

| Fjárh. í þús. kr. | Ársreikningur 2014 | Áætlun 2015 | Útkomuspá 2015 | Áætlun 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| **Fastafjármunir** | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | |
| Fasteign, Skútahrauni | 0 | 172.783 | 0 | 0 |
| Fasteign, Skógarhlíð | 951.254 | 926.396 | 926.872 | 907.389 |
| Fasteign, Tunguhálsi | 0 | 85.863 | 0 | 0 |
| Nýbygging, Skarhólabraut | 0 | 605.012 | 0 | 0 |
| Áhöld, tæki og innréttingar | 4.275 | 4.205 | 7.085 | 11.371 |
| | 955.530 | 1.794.260 | 933.957 | 918.760 |
| Tekjuskattsinneign | 52.194 | 35.549 | 42.383 | 31.816 |
| **Fastafjármunir samtals** | 1.007.723 | 1.829.809 | 976.340 | 950.576 |
| **Veltufjármunir** | | | | |
| Viðskiptakröfur | 0 | 6.000 | 6.000 | 6.000 |
| Aðrar skammtímakröfur | 438 | 0 | 0 | 0 |
| Handbært fé | 6.739 | 14.112 | 7.304 | 18.861 |
| | 7.178 | 20.112 | 13.304 | 24.861 |
| **Eignir samtals** | 1.014.901 | 1.849.921 | 989.645 | 975.437 |

# Efnahagsreikningur

| Fjárh. í þús. kr. | Ársreikningur 2014 | Áætlun 2015 | Útkomuspá 2015 | Áætlun 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | | |
| **Eigið fé** | | | | |
| Hlutafé | 469.300 | 469.300 | 469.300 | 469.300 |
| Lögbundinn varasjóður | 9.323 | 9.323 | 9.323 | 9.323 |
| Óráðstafað eigið fé | (271.240) | (200.662) | (231.998) | (189.729) |
| | 207.383 | 277.961 | 246.625 | 288.894 |
| **Skuldir** | | | | |
| Langtímaskuldir: | | | | |
| Skuldabréfalán | 413.918 | 333.837 | 300.015 | 298.023 |
| Skammtímaskuldir: | | | | |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs | 371.366 | 1.203.000 | 410.630 | 355.000 |
| Viðskiptaskuldir | 3.182 | 15.750 | 15.000 | 15.000 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 16.176 | 4.705 | 4.705 | 4.705 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 2.877 | 14.668 | 12.670 | 13.815 |
| | 393.600 | 1.238.123 | 443.005 | 388.520 |
| **Skuldir samtals** | 807.518 | 1.571.960 | 743.020 | 686.543 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 1.014.901 | 1.849.921 | 989.645 | 975.437 |

# Sjóðstreymi

| Fjárh. í þús. kr. | Ársreikningur 2014 | Áætlun 2015 | Útkomuspá 2015 | Áætlun 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | | |
| Hagnaður ársins ................................................ | 41.685 | 76.149 | 39.242 | 42.269 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Afskriftir ............................................................ | 36.195 | 43.841 | 24.572 | 25.198 |
| Breyting tekjuskattsskuldbindingar .................... | 10.421 | 18.037 | 9.811 | 10.567 |
| Sölutað vegna seldra fasteigna ......................... | 1.716 | 0 | 0 | 0 |
| Verðbætur af lánum .......................................... | 2.612 | 9.781 | 9.781 | 11.823 |
| | 92.629 | 147.808 | 83.406 | 89.857 |
| (Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna: | | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur ......... | 5.105 | 0 | (5.562) | 0 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | | |
| Skammtímaskuldir ............................................. | (9.368) | 750 | 348 | 0 |
| | (4.263) | 750 | (5.214) | 0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | 88.366 | 148.558 | 78.192 | 89.857 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | |
| Fasteignir ........................................................... | (379.136) | (10.000) | 0 | (5.000) |
| Keypt áhöld, tæki og innréttingar ....................... | 849.000 | 0 | (3.000) | (5.000) |
| | 469.864 | (10.000) | (3.000) | (10.000) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Tekin ný langtímalán .......................................... | 94.000 | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir langtímalána .................................... | (368.006) | (14.006) | (113.891) | (12.670) |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins ....................... | (288.768) | (150.000) | 39.264 | (55.630) |
| | (562.774) | (164.006) | (74.627) | (68.300) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | (4.543) | (25.448) | 565 | 11.557 |
| Handbært fé í upphafi árs .................................. | 11.283 | 39.560 | 6.739 | 7.304 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | 6.739 | 14.112 | 7.304 | 18.861 |

# Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins

## Fjárhagsáætlun 2016

**Efnisyfirlit** **bls.**

*Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins*
Rekstrarreikningur ........................................ **35**
Efnahagsreikningur ........................................ **36-37**

Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins
Kt. 690500-2130
Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík

## Rekstrarreikningur

| Fjárh. í þús. kr. | Ársreikningur 2014 | Áætlun 2015 | Útkomuspá 2015 | Áætlun 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Rekstrartekjur ............................................................ | 6.572 | 6.825 | 6.825 | 7.192 |
| | 6.572 | 6.825 | 6.825 | 7.192 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld .......................................... | 320 | 1.146 | 1.146 | 1.235 |
| Menntun og verkefni .................................................. | 1.240 | 2.059 | 2.059 | 2.160 |
| Sameiginlegur kostnaður ........................................... | 3.125 | 3.620 | 3.620 | 3.798 |
| | 4.685 | 6.825 | 6.825 | 7.192 |
| **Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi** | 1.887 | 0 | 0 | 0 |

# Efnahagsreikningur

| Fjárh. í þús. kr. | Ársreikningur 2014 | Áætlun 2015 | Útkomuspá 2015 | Áætlun 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| **Veltufjármunir** | | | | |
| Viðskiptakröfur ................................................... | 7 | 9.183 | 11.048 | 11.048 |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins ...................... | 11.053 | 0 | 0 | 0 |
| | 11.059 | 9.183 | 11.048 | 11.048 |
| **Eignir samtals** | 11.059 | 9.183 | 11.048 | 11.048 |

# Efnahagsreikningur

## Eigið fé og skuldir

| Fjárh. í þús. kr. | Ársreikningur 2014 | Áætlun 2015 | Útkomuspá 2015 | Áætlun 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | |
| Óráðstafað eigið fé ........................................... | 11.048 | 9.183 | 11.048 | 11.048 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs ................. | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Viðskiptaskuldir ................................................ | 12 | 0 | 0 | 0 |
| | 12 | 0 | 0 | 0 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 11.059 | 9.183 | 11.048 | 11.048 |

# Samstæða SHS

## SHS móðurfélag og
## Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins

## Fjárhagsáætlun 2017 - 2020

| **Efnisyfirlit** | **bls.** |
|---|---|


*SHS samstæða*

Rekstrarreikningur ........................................ **41**

Efnahagsreikningur ........................................ **42-43**

Sjóðstreymi ........................................ **44**



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Kt. 690500-2130

Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík

# Rekstrarreikningur SHS samstæðu

| | Áætlun | Áætlun | Áætlun | Áætlun |
|---|---|---|---|---|
| **Fjárh. í þús. kr.** | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Tekjur frá eignaraðilum........................... . | 1.486.273 | 1.486.273 | 1.486.273 | 1.486.273 |
| Ríkissjóður v. sjúkraflutninga.................. . | 935.000 | 935.000 | 935.000 | 935.000 |
| Aðrar sértekjur........................................ . | 35.044 | 35.044 | 35.044 | 35.044 |
| Leigutekjur ............................................ . | 110.114 | 110.114 | 110.114 | 110.114 |
| | 2.566.431 | 2.566.431 | 2.566.431 | 2.566.431 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld........................ . | 1.937.151 | 1.937.151 | 1.937.151 | 1.937.151 |
| Menntun og verkefni................................ . | 77.982 | 77.982 | 77.982 | 77.982 |
| Viðhald og rekstur tækja og bifreiða....... . | 66.752 | 66.752 | 66.752 | 66.752 |
| Húsnæðiskostnaður.................................. . | 120.699 | 120.699 | 120.699 | 120.699 |
| Sameiginlegur kostnaður......................... . | 124.983 | 124.983 | 124.983 | 124.983 |
| | 2.327.567 | 2.327.567 | 2.327.567 | 2.327.567 |
| **Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir** | 238.864 | 238.864 | 238.864 | 238.864 |
| Afskriftir................................................. . | 89.519 | 97.247 | 104.315 | 112.173 |
| **Rekstrarhagnaður (tap) eftir afskriftir** | 149.345 | 141.617 | 134.549 | 126.691 |
| **Fjármagnskostnaður** | | | | |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)........ . | (49.378) | (47.983) | (46.681) | (45.434) |
| **Rekstrarhagnaður (tap) fyrir skatta** | 99.967 | 93.634 | 87.868 | 81.258 |
| Tekjuskattur............................................ . | | | | |
| **Hagnaður (tap)** | 99.967 | 93.634 | 87.868 | 81.258 |
| | 2.417.086 | 2.424.815 | 2.431.882 | 2.439.740 |

# Efnahagsreikningur SHS samstæðu

## Eignir

| Fjárh. í þús. kr. | Áætlun 2017 | Áætlun 2018 | Áætlun 2019 | Áætlun 2020 |
|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | | | |
| Fasteignir | 2.107.995 | 2.074.121 | 2.040.046 | 2.005.771 |
| Bifreiðar | 173.268 | 237.698 | 295.742 | 308.936 |
| Áhöld, tæki og annað | 106.442 | 108.818 | 110.534 | 144.621 |
| Hugbúnaður | 581 | 403 | 403 | 2.010 |
| | 2.388.287 | 2.421.039 | 2.446.724 | 2.461.338 |
| Tekjuskattsinneign | | | | |
| **Fastafjármunir samtals** | 2.388.287 | 2.421.039 | 2.446.724 | 2.461.338 |
| **Veltufjármunir** | | | | |
| Skammtímakröfur | | | | |
| Viðskiptakröfur | 9.000 | 9.000 | 9.000 | 9.000 |
| Kröfur á sveitarfélög | 11.048 | 11.048 | 11.048 | 11.048 |
| Aðrar skammtímakröfur | 7.403 | 7.403 | 7.403 | 7.403 |
| | 27.451 | 27.451 | 27.451 | 27.451 |
| Handbært fé | | | | |
| Bankainnstæður | 156.805 | 175.110 | 193.530 | 210.219 |
| **Veltufjármunir** | 184.257 | 202.561 | 220.981 | 237.670 |
| **Eignir** | 2.572.543 | 2.623.600 | 2.667.705 | 2.699.008 |

## Eigið fé og skuldir

| Fjárh. í þús. kr. | Áætlun 2017 | Áætlun 2018 | Áætlun 2019 | Áætlun 2020 |
|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | |
| Stofnfé.................................................... . | 1.632.967 | 1.632.967 | 1.632.967 | 1.632.967 |
| Óráðstafað eigið fé................................... | (137.538) | (43.905) | 43.963 | 125.221 |
| **Eigið fé** | 1.495.429 | 1.589.063 | 1.676.930 | 1.758.188 |
| **Skuldir** | | | | |
| Langtímaskuldir | | | | |
| Langtímalán......................................... . | 594.974 | 576.429 | 556.621 | 535.532 |
| Skammtímaskuldir | | | | |
| Viðskiptaskuldir.................................... | 43.153 | 43.153 | 43.153 | 43.153 |
| Næsta árs afborganir langtímalána......... | 28.477 | 29.444 | 30.490 | 31.624 |
| Aðrar skammtímaskuldir...................... . | 410.511 | 385.511 | 360.511 | 330.511 |
| | 482.141 | 458.108 | 434.154 | 405.288 |
| **Skuldir** | 1.077.114 | 1.034.538 | 990.775 | 940.820 |
| **Eigið fé og skuldir** | 2.572.543 | 2.623.600 | 2.667.705 | 2.699.008 |

## Sjóðstreymi SHS samstæðu

| Fjárh. í þús. kr. | Áætlun 2017 | Áætlun 2018 | Áætlun 2019 | Áætlun 2020 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | | |
| Hagnaður (tap) ársins | 99.967 | 93.634 | 87.868 | 81.258 |
| Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Bakfærðar reiknaðar afskriftir | 89.519 | 97.247 | 104.315 | 112.173 |
| Verðbætur af lánum | 13.298 | 10.900 | 10.682 | 10.535 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | (26.212) | (25.000) | (25.000) | (30.000) |
| Breyting tekjuskattsskuldbindingar | | | | |
| **Handbært fé (til) frá rekstri** | 176.572 | 176.781 | 177.864 | 173.965 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | |
| Fasteignir | (354.000) | (10.000) | (10.000) | (10.000) |
| Lausafjármunir | (120.000) | (120.000) | (120.000) | (116.786) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | (474.000) | (130.000) | (130.000) | (126.786) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Nýtt stofnfé | | | | |
| Tekin ný langtímalán | 344.000 | | | |
| Afborganir langtímalána | (27.575) | (28.477) | (29.444) | (30.490) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | 316.425 | (28.477) | (29.444) | (30.490) |
| **Handbært fé** | | | | |
| Hækkun (lækkun) handb. fjár | 18.997 | 18.304 | 18.420 | 16.689 |
| Handbært fé í upphafi árs | 137.808 | 156.805 | 175.110 | 193.530 |
| **Handbært fé í lok árs** | 156.805 | 175.110 | 193.530 | 210.219 |